

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um Lífeyrissjóð bænda.

1. *Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?*

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði bænda fengu 3.618 einstaklingar greiddan lífeyri úr sjóðnum í októbermánuði 2001.

2. *Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?*

Samkvæmt ársuppgjörum sjóðsins voru virkir sjóðfélagar 4.812 á árinu 2000 og 5.122 á árinu 1999. Ekki eru enn forsendur til að telja virka sjóðfélaga á árinu 2001. Gera má ráð fyrir að virkum sjóðfélögum ársins 2000 fjölgi þegar upplýsingar berast frá embætti ríkisskattstjóra vegna eftirlits þess með greiðslum landsmanna í lífeyrissjóði og enn er verið að innheimta iðgjöld vegna ársins 1999.

3. *Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar:*

- 0–10 þús. kr.,*
- 10–20 þús. kr.,*
- 20–30 þús. kr.,*
- 30–40 þús. kr.,*
- 40–50 þús. kr.,*
- meira en 50 þús. kr.?*

Yfirlit yfir lífeyrisþega sem fá greitt vegna áunninna réttinda (uppbót vegna búskapartíma þeirra sem fæddir eru 1914 og fyrr þá meðtalin).

		Karlar	Meðaltal	Konur	Meðaltal	Samtals	Meðaltals- greiðsla
Ellilífeyrir:	0–10 þús.	436	5.960	585	4.418	1021	5.092
	10–20 þús.	712	14.889	264	14.033	976	14.642
	20–30 þús.	346	24.043	50	23.933	396	24.029
	30–40 þús.	86	32.560	1	30.671	87	32.538
	Yfir 50 þús.	0		0			0
Heildarfjöldi og meðaltal ellilífeyris:						2.480	12.837
Makalífeyrir:	0–10 þús.	47	3.574	457	4.907	504	4.783
	10–20 þús.	11	13.662	222	13.682	233	13.681
	20–30 þús.	1	24.165	8	21.688	9	21.963
	Yfir 30 þús.	0		0			0
Heildarfjöldi og meðaltal makalífeyris:						746	7.769

		Karlar	Meðaltal	Konur	Meðaltal	Samtals	Meðaltals- greiðsla
Örorku- lífeyrir:	0–10 þús.	45	6.227	60	6.064	105	6.134
	10–20 þús.	34	14.780	76	15.528	110	15.296
	20–30 þús.	35	25.125	47	25.031	82	25.071
	30–40 þús.	23	34.391	23	34.131	46	33.602
	40–50 þús.	14	43.188	8	44.229	22	43.566
	Yfir 50 þús.	0		0			0
Heildarfjöldi og meðaltal örorkulífeyris:						365	18.868

Yfirlit yfir lífeyrisþega sem fá eingöngu greiddan lífeyri vegna búskapartíma (þ.e. greitt að fullu af ríkissjóði).

		Karlar	Meðaltal	Konur	Meðaltal	Samtals	Meðaltals- greiðsla
Ellilífeyrir:	0–10 þús.	9	6.811	5	6.912	14	6.847
	10–20 þús.	26	15.704	8	15.425	34	15.638
	20–30 þús.	4	22.597	0		4	22.597
	Yfir 30 þús.	0		0			0
	Heildarfjöldi og meðaltal ellilífeyris:						52
Makalífeyrir:	0–10 þús.	0		56	6.130	56	6.130
	10–20 þús.	0		167	13.784	167	13.784
	Yfir 20 þús.	0		0			0
	Heildarfjöldi og meðaltal makalífeyris:						223

4. Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?

Ávinnsla lífeyrisréttinda hjá Lífeyrissjóði bænda (þ.e. elli-, örorku-, maka- og barnalífeyrir) byggist á samþykktum fyrir sjóðinn sem staðfestar voru af fjármálaráðherra 15. júní 2001. Ákvæði samþykktanna um lífeyrisréttindi eru með svipuðum hætti og hjá almennu lífeyrissjóðunum sem byggja réttindakerfi sín á samningi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um lífeyrismál frá 1995 og III. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 122/1997, um breytingu á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, var afnumið lögbundið hámark iðgjaldagreiðslna í Lífeyrissjóð bænda. Iðgjaldsstofninn var ekki lengur búvöruverð, þ.e. ákveðið hlutfall af verði til framleiðanda heldur reiknuð laun eða greidd laun í landbúnaði þar sem búrekstrarformi væri þannig háttað. Lágur lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum til sumra bænda má því skýra með því að þeir höfðu ekki með höndum það mikla framleiðslu að þeir næðu hámarksíðgjaldi eða þá að þeir höfðu stundað búskap í fá ár eftir stofnun sjóðsins en Lífeyrissjóður bænda var stofnaður með lögum nr. 101/1970 og tók til starfa 1. janúar 1971.

Lífeyrissjóður bænda starfar nú eftir lögum nr. 12/1999. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna skal iðgjald vera 4% af iðgjaldsstofni sem er reiknuð laun eða greidd laun í landbúnaði. Mótframlagið er 50% hærra en iðgjaldið og er það að jafnaði greitt úr ríkissjóði. Bændur hafa þá samið um greiðslu þess úr ríkissjóði, sbr. 2. málsl. 3. gr. laganna. Að öðrum kosti verða þeir að greiða mótframlagið sjálfir. Meginreglan varðandi menn í eigin atvinnurekstri er að þeir greiða mótframlag í lífeyrissjóð sjálfir. Þegar kemur að því að greiða lífeyri út úr sjóðnum þá veltur fjárhæð hans til hvers einstaks sjóðfélaga á því hversu hátt endurgjald eða hversu há laun sjóðfélaginn ákvarðaði sér á meðan hann var í búrekstri.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 12/1999, um lífeyrissjóð bænda, er kveðið á um að iðgjöldin skuli umreiknuð í stig er mynda grundvöll til lífeyrisréttinda. Í 3. mgr. greinarinnar kemur síðan fram hver sé grundvöllur stigaútreiknings. Í greinargerð með ákvæði 3. mgr. 6. gr. er tekið fram að með lögunum verði ákveðinn nýr grundvöllur stigaútreiknings í samræmi við grundvöll lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, nú Landssamtaka lífeyrissjóða. Í dag ávinna bændur sér því sömu réttindastig fyrir sömu iðgjöld og gerist í öðrum lífeyrissjóðum.